

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1176
komudagur 6.4.2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að skipuð verði nefnd til þess að leggja mat á áhrif afnáms verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum.

Samtök iðnaðarins eru þeirrar skoðunar að tímabært sé að skoða þessi mál í alvöru og að hin umfangsmikla verðtrygging sem tíðkast héraendis verði afnumin. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að áhrifum gengissveiflna á slíkar breytingar.

Í tengslum við verksvið nefndarinnar vilja Samtök iðnaðarins benda á nauðsyn þess að skoðað verði sérstaklega að taka upp samræmdar reglur um verðtryggingar verksamninga. Mjög er misjafnt hvernig þessum málum er háttað við opinber innkaup. Almennt eru lengri verksamningar fremur verðtryggðir en þeir sem eru til skamms tíma en engar samræmdar reglur eru þar um. Mismunandi aðferðir við verðtryggingu eru einnig notaðar frá einum tíma til annars og frá einni stofnun til annarar sem standa fyrir opinberum innkaupum og framkvæmdum.

Það er óeðlilegt að það sé lagt á verktaka að taka ábyrgð á verðsveiflum vegna kostnaðarhækkana á verktíma, sem oft er langur, og stafa oftár en ekki af sveiflum í gengi og verðbólgu sem helstu efnahagsstofnanir landsins treysta sér ekki til að spá fyrir um með neinni vissu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri